

Útskrift elstu barna í leikskóla Snæfellsbæjar

Síðastliðinn fimmtudag, 22. maí, fór fram hátíðleg útskrift elstu barna í leikskóla Snæfellsbæjar. Athöfnin var haldin í safnaðarheimili Ólafsvíkurkirkju og að þessu sinni var sú nýbreytni tekin upp að öll börn úr báðum leikskólum bæjarins, Krílakoti og Kríubóli, voru útskrifuð saman.

Nítján börn voru útskrifuð og munu í haust fara yfir á næsta skólatig og hefja nám í Grunn-skóla Snæfellsbæjar. Hátíðin var einstaklega falleg og hátíðleg, börnin sungu nokkur vel valin lög af mikilli innlifun og Nanna lék undir á píanó.

Að lokinni athöfn var gestum boðið upp á dýrindis skúffuköku, djús og kaffi. Framvegis mun útskrift leikskólabarna í Snæfellsbæ verða sameiginleg, og að ári mun hún fara fram í safnaðarheimili Ingjaldshólskirkju.



Við óskum þessum duglegu og glaðlegu börnum innilega til hamingju með áfangann og velfarnaðar á næsta skólastigi.

Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakall

Sjómannamessur
Sunnudaginn 1. júní

Ingjaldshólskirkja kl. 11
Ólafsvíkurkirkja kl. 14

Velkomin öll og alltaf



Kynntu þér pólska tónlist



Pólska sendiráðið og Snæfells-jökulspjóðgarður stóðu fyrir tónleikum í Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi sunnudaginn 25. maí sem bar heitið Kynntu þér pólska tónlist. Á tónleikunum spiluðu Jacek Karwan, Anna Maria Tabaczy ska og Hanna Imgront. Þessir ástríðufullu listamenn tóku tónleikagesti í ferða-

lag í gegnum hljóm, tilfinningar og sögu pólskrar menningar þegar þau fluttu allt frá klassískum þjóðlögum til nútíma tónverka. Jacek lék á hljómborð, Anna Maria lék á þverflautu og Hanna söng fyrir tónleikagesti sem nutu sín vel á fallegum tónleikum í Þjóðgarðsmiðstöðinni.

SJ

Hafkaup

www.hafkaup.is - Sími: 895-5525

Fertugasta útskriftin frá FSN

Fjölbrautaskóli Snæfellinga útskrifaði nemendur í 40. skiptið þann 23. maí síðastliðinn í hátíðarsal skólans. 14 nemendur voru útskrifaðir frá skólanum þennan dag, einn af félags- og hugvísindabraut, tveir nemendur af náttúru- og raunvísindabraut, fjórir nemendur af opinni braut, tveir luku viðbótarnámi til stúdentsprófs og fimm af nýsköpunar- og frumkvöðlabraut. Það var Gísli Sigurbjörnsson hlaut hæstu einkunn á stúdentsprófi. Að þessari útskrift lokinni hafa 618 nemendur verið útskrifaðir frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga síðan þar var útskrifað í fyrsta sinn fyrir 20 árum, í desember 2005.

Myndirnar tók Sumarliði Ásgeirsson.

SJ



Gísli Sigurbjörnsson hlaut hæstu einkunn á stúdentsprófi.



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímapantanir í síma 436-1111



Elskuleg móðir mín

Inga Nelly Husa Jónsson



lést föstudaginn 23. maí sl.

á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Jaðri í Ólafsvík.

Útförin fer fram frá Ólafsvíkurkirkju föstudaginn 30. maí kl. 14.00.

Anders Ólafur Kjartansson



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Íþróttar og tómstundastefna Snæfellsbæjar endurnýjuð

Á bæjarstjórnarfundum Snæfellsbæjar þann 8. maí 2025 var íþróttar- og tómstundastefna Snæfellsbæjar fyrir árin 2025 til 2027 samþykkt. Með stefnunni er markaður rammi utan um þau hlutverk sem sveitarfélaginu er ætlað að sinna í íþróttar- og tómstundamálum í samfélaginu. Skýr stefna tryggir að allir sem starfa að íþróttar- og æskulýðsmálum stefni í sömu átt með það að markmiði að efla íþróttar- og tómstundastarf í Snæfellsbæ. Það er mikilvægt samfélaginu að það sé fjölbreytt íþróttar- og tómstundastarf í boði, en slíkt starf er ein af grunnþörfum hvers samfélags. Í stefnu Snæfellsbæjar kemur

ur fram að markmið sveitarfélagsins með íþróttar og tómstundastarfi sé að sem flestir taki þátt í íþróttar- og tómstundastarfi, að stuðla að jafnrétti, vinna gegn fordómum og efla forvarnir auk þess að skapa sveitarfélaginu jákvæða mynd og gera það enn eftirsóknarverðara til búsetu og þjónusta íbúa eftir fremsta megni. Þá eru félög sem standa að íþróttar- og tómstundastarfi í sveitarfélaginu hvött til hafa mót- aða stefnu í sínu starfi. Íþróttar- og tómstundastefnu Snæfellsbæjar má finna í heild sinni á vefsíðu sveitarfélagsins.

SJ



Heillaóskir, sjómenn !

*Snæfellsbær óskar sjómönnum
og fjölskyldum þeirra
til hamingju með sjómannadaginn*

Mynd: Ólafur Bjarnason SH-137 landar við Ólafsvikurhöfn
í kvöldsólinni 2. september 2019 með átta tonna afla.



Launafólk athugið ORLOFSUPPBÓT 2025

Minnum félagsmenn á rétt sinn á að fá greidda orlofsuppbót/persónuuppbót, en það er föst fjárhæð sem atvinnurekendur er skyld að greiða starfsfólki sínu ár hvert.

Starfsfólk á almennum vinnumarkaði:

60.000 kr. miðað við fullt starf og greiðist 1. júní.

Starfsfólk hjá ríkinu:

60.000 kr. miðað við fullt starf og greiðist 1. júní.

Starfsfólk sveitarfélaga:

59.500 kr. miðað við fullt starf og greiðist 1. maí.



Sjómannadagsblað Snæfellsbæjar 2025 að koma út

Sjómannadagsblað númer 33 í röðinni er komið út. Efníð kemur úr ýmsum áttum og reynt er að tengja það við Snæfellsbæ og sjávarbyggðir á Snæfellsnesi.

Hugvekjuna í blaðið ritar biskup Íslands frú Guðrún Karls Helgudóttir og atvinnuvegaráðherra Hanna Katrín Friðriksson ávarpar sjómenn og aðra lesendur. En að öðru efni blaðsins.

Fyrst er minnst tuttugu og eins sjómanns úr Snæfellsbæ sem látist hafa við störf frá árinu 1940. Varðskipið Óðinn mun sigla vestur fyrir sjómannadaginn og leggjast fyrir utan Ólafsvík. Á föstudags morguninn kl 10:00 verður minningarathöfn um borð og þar verða lesin upp nöfn þeirra sjómanna og rós sett í sjóinn við hvert nafn.

Stefán Jóhann Svansson yfirvélstjóri úr Stykkishólmi segir frá sinni sjómennsku. Hann er á hinu glæsilega uppsjávarskipi Heimaey VE 1 frá Vestmanneyjum.

Skemmtilegt er viðtal sem Íris Ósk Jóhannsdóttir í Rífi tekur við góðan vin sinn og samstarfs-

mann Helga Óskar Guðjónsson fiskvinnslumann, frístundabónda og fv sjómann en hann verður 80 ára í sumar og er ekkert að hætta að vinna.

Viðtal er við Sigjón Rúnar Þórhallsson sjómann úr Ólafsvík. Hann byrjaði sína sjómennsku mjög ungur eða 14 ára er þá búin að ráða sig á farþegaskipið Gullfoss. Hann og kona hans Oddný Ólafsdóttir segja m.a frá eldgosinu sem varð í Heimaey aðfaranótt 23. janúar 1973. Þau eru þá með fimm daga gamla dóttur og verða yfirgefa eyjuna í skyndi.

Þá er spjall við Sigurð Pétursson, mikinn aflamann og fyrrverandi skipstjóra á Má SH 127 frá Ólafsvík. Hann hefur búið í bæ á austurströnd Grænlands frá 1997. Hann er þar við veiðar og ýmis störf og segir frá lífinu.

Grein er eftir Finn Kristinsson vélstjóra á Skagaströnd. Hann tók að sér að vera eftirlitsmaður við smíði tveggja glæsilegra skipa fyrir Íslendinga þeirra Breka VE og Páls Pálssonar ÍS. Skipstjóri á Breka er Ólsarinn Magnús Ríkhartsson og

margar myndir fylgja.

Hjónin Ewelina og Daniel Wasiewicz frá Póllandi fluttu til Ólafsvíkur árin 2001 og 2002. Þau eru búin að koma sér vel fyrir í bæjarfélaginu með sínum dugnaði og eljusemi.

Ög ekki má gleyma skemmtilegu vísunum hans Guðjóns Jóhannessonar bónda í Syðri -Knarrartungu

„Margt skeður á sæ“ er nafn á viðtali við Bárð Guðmundsson útgerðarmann í Ólafsvík. Þar segir hann frá því er hann fór ungur maður á síðutogarana. Þar skeði margt sem fór í reynslubankan hjá ungum mönnum og hann dregur ekkert

undan. Margar fleiri greinar eru í blaðinu. Þá er það skrátt fjölda mynda m.a af áhöfnum margra skipa í Snæfellsbæ sem sýna hverjir voru á viðkomandi bát vertíðina 2025. Sagt og sýnt er frá nýjum bátum sem komu á árinu og eru í eigu öflugra fyrirtækja í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið er brotið um í Prentsmiðjunni Steinprent í Ólafsvík. Það er 92 síður og allt í lit. Ritstjóri er Pétur Steinar Jóhannsson.



Gengið verður í hús í Snæfellsbæ fimmtudaginn 29.maí og í Stykkishólmi miðvikudag eða fimmtudag nk. Eftir það verður það til sölu í verslunum í Snæfellsbæ og verslun Skipavíkur í Stykkishólmi. Einnig verður það til í Kjörbúðinni í Grundarfirði. Á sv- svæðinu verður blaðið til sölu í versluninni Gleraugna Pétri á Garðatorgi 4 í Garðabæ og einnig á Norðurbakka 1 í Hafnarfirði.

Safnskipið Óðinn til Ólafsvíkur

Dagskrá heimsóknar 29. - 30. maí 2025

Uppstigningadagur, fimmtudagur 29. maí 2025.

- 14:00 Brottför frá Reykjavík.
22:00 Lagst á gömlu leguna í Ólafsvík, vörðurnar á Bökkunum og Klifinu.

Föstudagur 30. maí.

- 07:30-08:30 Morgunverður.
09:00 Verkfundur fyrir daginn.
09:30 Akkeri létt.
10:00 Siglingafáni í hálf mastur.
10:00 Minningarathöfn á Víkinni.
10:30 Siglingafáni niður, skutfáni, kurteisísfáni, kallmerki og signal flögg upp.
Flautað.
11:00 Að bryggju.
11:00 Sjómannadagsráð, bæjarstjóri, og hafnarstjóri um borð.
Skipherra tekur á móti þeim á landgangspalli, áhöfn á þýrlupalli.
12:00-12:30 Hádegisverður fyrir áhöfn á Skerinu, Fyrri-vakt.
12:30-13:00 Hádegisverður fyrir áhöfn á Skerinu, Seinni-vakt.
13:00-17:00 Skipið almenningi til sýnis.
Vegna öryggis fólks er fjöldi takmarkaður við 50 gesti um borð hverju sinni.
Það tekur um 30-40 mínútur að fara í gegn um skipið. Farin er ákveðin leið:
Upp á stjórnborðs brúarvæng á A-dekk, í gegn um brú og bestik,
síðan niður á B-dekk í forsetaíbúð og skipherraherbergi, þá niður á C-dekk;
hásetagang, sjúkraklefa, messa, eldhús og vélareisn. Þá aftur bakborðsgang
aftur á skut og upp á þýrludekk. Við viljum að gestir njóti verunar um borð,
en biðjum þá jafnframt um að halda áfram og safnast ekki saman svo ekki myndist
stíflur á leiðinni og sem flestir komist að.
Menn úr áhöfninni verða á eftirtöldum stöðum: Við landgang til að stýra fjölda um
borð, við stiga upp á brúarvæng, brú og bestikki, loftskýtaklefa, forsetaíbúð,
hásetagangi og sjúkraklefa, messum og eldhúsi, velareisn.
18:00-22:00 Landgönguleyfi áhafnar.
18:00 Kvöldverður fyrir áhöfn á Skerinu.
22:00 Brottför - kveðjuflaut.



V/s Óðinn undan Vébarnarnúp í Ísafjarðardjúpi þar sem hann háði sína hörðustu baráttu 5. - 6. febrúar 1968. Einn vélsstjóranna sem eru um borð núna, Birgir Óskarsson, var háseti á Óðni þegar þetta var og man vel eftir öllum ísbarninum. Ljósmynd: Jón Páll Ásgeirsson.

Til hamingju með



Me

Þjónustuaðilar Grundarfjarðarhafnar:

DJÚPIKLETTUR



Grundarfjarðarhöfn

KJÖ
í næ

RAGNAR & ÁSGEIR EHF



G.RUN
NETAGERÐ

FISKMARKAÐUR
SNÆFELLSBÆJAR



daginn sjómenn!



Grundarfjarðarhöfn ginþjónustuhöfn Vesturlands

RBÚÐIN
sta nágreanni



Mareind
Siglingatæki - Sala og þjónusta



G.RUN
FRYSTIHÓTEL

Snæís

Framkvæmdir hafnar í Vallholti

Gatnaframkvæmdir eru hafnar í Vallholti í Ólafsvík. Þriðjudegin 20. maí hófust þar umfangsmiklar framkvæmdir en mikið af ójöfnum, malbiksskemmdum og holum höfðu myndast í götunni. Bæði gatan og ganstéttir verða endurnýjaðar, skipt veður um jarðveg og allar lagnir. B. Vigfússon mun sjá um framkvæmdina fyrir Snæfellsbæ en bæði Rarik og Míla munu nýta tækifærið á meðan framkvæmdunum stendur og skipta um rafmagnstrengi og lagnir auk þess sem verður lagður ljósleiðari. Þegar jarðvinnu er lokið verður gatan malbikuð og eru áætluð verklok í lok júlí. Óskar Snæfellsbær eftir góðu samstarfi við íbúa götunnar á meðan framkvæmdum stendur, gatan verður lokið fyrir umferð en til að auðvelda upplýsingagjöf til íbúa við Vallholt ætla Snæfellsbær að nýta SMS gátt og senda skilaboð beint á þá íbúa sem þáð kjósa. Þeir íbúar



sem vilja fá upplýsingar um framvindu verksins í SMS skilaboðum sendi upplýsingar um heimilisfang og símanúmer á netfangið smarijonas@snb.is.

SJ

Dagur eldri borgara

Sameiginleg messa í Ingjaldshólskirkju

Boðað er til sameiginlegrar messu safnaðanna í Snæfellsbæ á uppstigningardag þann 29. maí kl. 14:00 í Ingjaldshólskirkju.

Sr. Brynhildur Óla Elínardóttir þjónar fyrir altari og Sr. Ægir Örn Sveinsson prédikar.

Kórar Ingjaldshólskirkju og Ólafsvíkurkirkju syngja en organisti og kórstjóri er Elena Makeeva.

Kirkjukaffi eftir athöfn í safnaðarheimili kirkjunnar.

Takið daginn 29. maí frá fyrir samveru á Ingjaldshóli.

Verið öll hjartanlega velkomin - og á þessum degi, sem er dagur aldraðra, er rétt að geta þess að fólki á gamansaldri er boðinn heiðursess í messunni.

Prestarnir og Vinafélag eldri borgara

 Jökull Bæjarblað
 steinprent@simnet.is
 436 1617

The First Iceland Mint



Nýtt fyrirtæki hefur verið sett á laggirnar í Grundarfirði sem kallast The First Iceland Mint. Er þetta fyrst og eina fyrirtækið á Íslandi sem slær mynt en Seðlabanki Íslands hefur einkarétt á að slá og gefa út mynt á Íslandi sem ætlað er að nota til gjaldmiðils. Þessi mynt er hins vegar ekki ætluð í þeim tilgangi heldur eru þetta minjagripir. Myntin er hönnuð með menningu og sögu Íslands í huga og er slegin með aðferð frá því á miðöldum. Kaupendur fá tækifæri til að slá stálið niður með hamri og merkja þannig myntina sína sjálf en með högginu stimplast mynd af Kirkjufellinu öðru megin og íslenski fáninn hinu megin. Að lokum er lyklakippa útbúin úr

gripnum og gestir eru komnir með persónulegan minjagrip frá ferð þeirra til Grundarfjarðar. The First Iceland Mint er staðsett við bílastæðið hjá Kirkjufelli rétt utan við Grundarfjörð eins og er en mun fljótlega færast yfir í miðbæjarreitinn í Grundarfirði. Á tímabilinu frá maí til september er vanalega opið frá klukkun 10 til 17. Utan þess tímabils er opið eftir pöntunum eða eins og auglýst er á miðlum fyrirtækisins. Í framtíðinni er stefnan sett á að opna sambærilegt verkefni í Reykjavík. Meðfylgjandi mynd tók Sverrir Karlsson af Michal Šuštík, stofnanda The First Iceland Mint.

SJ

Til hamingju
með daginn
sjómenn!



HAMPIÐJAN

- fyrir öll heimsins höf

Íslandsmót í blaki

Blakdeild Ungmennafélags Grundarfjarðar fór með 6 lið á seinna Íslandsmótið í blaki fyrir U12 og U14 sem haldið var á Ísafirði helgina 16. til 18. maí. Blakdeild Grundarfjarðar átti fjögur lið í U12 og tvö lið í U14 sem samanlagt spiluðu 33 leiki og unnu 26 af þeim. UMFG fór heim frá Ísafirði eftir þessa helgi með nokkra titla, áttu þau Íslandsmeistara U14 kvk, Íslandsmeistara U14 kk, 1. sæti í B riðli U14 kvk, 2. sæti U12 kk og 3. sæti í B riðli U12 kvk. Mikil uppbygging er í blakinu í Grundarfirði, bæði hjá yngri flokkunum og fullorðnum. Mikill áhugi og drifkraftur aðstandenda íþróttarinnar dregur fram það besta í iðkendum og það er svo sannarlega að skila sér



í góðum liðsanda og frábærum árangri hjá blakdeild UMFG. Meðfylgjandi myndir eru af Íslandsmeisturum U14 kk og U12 kvk ásamt þjálfara sínum, Mladen Svitlica.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátapjónusta
- Dekkjaverkstæði



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Golfskálinn fluttur



Golfskálinn sem þjónað hefur Fróðárvelli til margra ára hefur nú fengið nýjan tilgang. Miðvikudaginn 21. maí hífði kranabíll frá BB og sonum golfskálann upp á flutningabíl frá Ragnari og Ásgeiri og var keyrt með hann að skotsvæði Skotgrundar, Skotfélags Snæfellsness. Ferðalagið var rúmir 30 km, frá rótum Fróðarheiðar og inn í botn Kolgrafarfjarðar og fylgdi lögreglan bílun-

um við flutninginn. Tók flutningurinn um klukkustund og þá hífði kranabíll BB og sona húsið á nýjan stað á skotsvæðinu. Á golfvöllinum við Fróðá verða leigðir gámar yfir sumarið en þetta er síðasta sumarið sem Fróðárvöllur verður í notkun áður en nýr golfvöllur verður opnaður á Rífi árið 2026.

SJ

Sækja efni fyrir Vallholt



Líkt og kemur fram í blaðinu eru gatnaframkæmdir hafnar í Vallholti í Ólafsvík. Um er að ræða umfangsmiklar framkvæmdir þar sem bæði gatan og gangstéttir verða endurnýjaðar, skipt verður um jarðveg og lagnir. Meðfylgjandi mynd náði blaðamaður Jökuls af gröfu B. Vigfússon að moka jarðvegi fyrir neð-

an gamla Ennisveginn. Efnið sem verið er að sækja á að nota í fyllingu í Vallholti en B. Vigfússon sjá einmitt um framkvæmdina þar. Það er ekki laust við að lofthræddir fái kvíðahnút í magann við að sjá staðsetningu gröfunnar svo hátt uppi á en það virtist ekki trufla starfsmann B. Vigfússon.

SJ

Starfsfólk hafna Snæfellsbæjar sendir sjómönnum og fjölskyldum þeirra bestu kveðjur á sjómannadaginn.



HAFNIR
SNÆFELLSBÆJAR

*Sjómönnum og fjölskyldum þeirra á Snæfellsnesi
færum við hamingjuóskir á sjómannadaginn.*

 **Verkalýðsfélag
Snæfellinga**

Hvað er með ásum - sýning 3.-4.bekkjar í Eddu

Föstudaginn 23. maí opnaði sýning í Eddu, húsnæði Árnastofnunar á verkum nemenda sem tóku þátt í verkefninu Hvað er með ásum skólaárið 2024-2025. Sýningin er í safnkennslustofunni á 1. hæð og stendur yfir í sumar, eða fram til 1. ágúst.

Auk nemenda úr 3.-4. bekk Grunnskóla Snæfellsbæjar, sem sýna verk sem þau unnu um heimana níu úr norrænu goða-

fræðinni, tók Nesskóli á Neskaupstað þátt og sýnir leir og tréverk nemenda úr 5. bekk. Nemendur í Grunnskóla Hólmavíkur, Finnbogastaðaskóla og Grunnskóla Drangness settu upp leikverk íð Goðdalir á heimaslóðum en sýna upptökur ásamt hluta af leikmyndinni, og búninga sem nemendur saumuðu fyrir leik-sýninguna og tískumyndir sem nemendur tóku af þeim.

Opið er í safnkennslustofunni á afgreiðslutíma sýningarinnar Heimur í orðum sem er opin alla daga nema mánudaga kl. 10–17. Hægt er að hafa samband við Mörtu safnkennara á netfangið mgj@hi.is. Það er tilvalið að skoða sýninguna Heimur í orðum í leiðinni en á henni gefst fólki kostur á að sjá íslensku handriðin

sem geyma goðsagnirnar sem verkefnið Hvað er með ásum byggir á og annað sem tengist þeim. Sýningin er fjölskylduvæn og hentar öllum aldurshópum.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (Edda) er staðsett á Arngrímsgötu 5, 107 Reykjavík



Sími: 430 3700
www.fmis.is



SJÓMANNADAGURINN



2025



FIMMTUDAGUR 29. MAÍ

- 19:30 Sjómannadagsmót GJÓ
9 holu golfmót í boði Hafkaup, Valafell, HH og Sjávaríðjunnar. Nánari upplýsingar inn á Golfbox
- 22:00 Gamla varðskipið Óðinn leggst fyrir utan Ólafsvík

FÖSTUDAGUR 30. MAÍ

- 10:00 Óðinn með minningarathöfn út á vikinni
- 13-17 Óðinn verður til sýnis fyrir almenning
- 16-18 Happy hour á Sker Restaurant
- 18:30 Skemmtisigling frá Ólafsvík
Sveinbjörn Jakobsson SH, Guðmundur Jensson SH, Ólafur Bjarnason SH og Magnús SH
- 19:00 Sjómannagarðurinn í Ólafsvík
Grillveisla í boði Sjoppunnar, hoppukastalar, Jón Haukur spilar lifandi tónlist og kaldur á krana

LAUGARDAGUR 31. MAÍ

- 8:30 Barre burn hjá CFSNB
- 9:00 Óðinn kveður með flauti
- 9:30 PartnerWod hjá CFSNB
- 11:00 Sólarsport „sjómanna spinning“
Frítt fyrir sjómenn og sjómannskonur alla helgina
- 11:00 Dorgveiðikeppni á norðurgarði í Ólafsvík, Sjósnær
Grillveisla í boði Kassans eftir keppni.
- 11:00 Gilbakki opnar með pompi og prakt
- 13:00 Ólafsvíkurhöfn
Liðakeppni, Trukkadráttur og Flekahlaup. Fiskisúpa í boði sjómannanefndar og hoppukastalar. Skráning í keppnisgreinar hjá Ríkka í síma 894-0686
- 16:00 Víkingur Ólafsvík - Kormákur/hvöt á Ólafsvíkurvelli
- 16-18 Happy hour á Sker Restaurant

SJÓMANNAHÓF Í FÉLAGSHEIMILINU KLIFI

- 19:15 Húsið opnar
- 20:00 Sjómannahóf hefst
Matur frá Galito
Veislustjóri er Gísli Ægir Vegamótaprinsinn
Sjómannskonur heiðraðar
Minni sjómanna
Áskorendakeppni sjómanna
- 23:30 Sjómannaball í félagsheimilinu Klifi
Hljómsveitin Bandmenn, 18. ára aldurstakmark.
Miðaverð 3.000, Snýrtilgur klæðnaður
Rútuferðir verð frá Hellissandi og Rífi

SUNNUDAGUR 1. JÚNÍ

HELLISSANDUR

- 08:00 Fánar dregnir að húni
- 11:00 Sjómannamessa að Ingjaldshóli
- 14:00 Í sjómannagarðinum á Hellissandi
Hátíðarræða
Sjómenn heiðraðir

ÓLAFSVÍK

- 08:00 Fánar dregnir að húni
- 13:00 Í sjómannagarðinum í Ólafsvík
Hátíðarræða
Söngur milli atriða
Sjómenn heiðraðir
- 14:00 Sjómannamessa í Ólafsvík
Minningarstund um druknaða sjómenn á liðnum árum

RÍF

- 14-16:30 Sjómannakaffi
Slýsavarnardeild Helgu Bárðar
Sumargjöf í Björgunarmiðstöðinni Von

ÁHAFNIRNAR

Egill SH-195	Saxhamar SH-50	Naustvík SH-80
Esjar SH-75	Hrefna SH-51	

STYRKJARADILAR

Akraborg	Hampiðjan	Rabbi
Balatá	Hraunskarð	Sandbrún
Bárður SH-81	Hraðfrystihús Hellissands	Sjávariðjan Rífi
Breiðavík	KKG fiskverkun	Skarðsvík
Deloitte	Kristinn J Friðbjósson	Smíðjan Fönn
Duggari	Landsbankinn	Soffanías Cecilsson
Fiskmarkaður Ísland	Litlálón	Sverrisútgerðin
Fiskmarkaður Snæfellsbæjar	Naustvík V-80	Útgerðarfélagið Dvergur
Gleðigjafi	Nesver	Útgerðarfélagið Guðmundur
Guðbjartur	Nónavarda	Útnes
Hafnarsjóður Snæfellsbæjar		